

Reglugjörð

110

um fjársöfn m. m. fyrir Vestmannaeyjasýslu.

1. gr.

Hver búandi, sem grasnyt hefur, er skyldur til að leggja mann eða menn til fjársafns eptir því sem hreppsnefndin fyrirskipar. Heimilt er hreppsnefnd, ef hún þykist geta gjört það safninu að skaðlausu, að lofa 2 eða fleiri að leggja saman, ef þeir hafa til ábúðar að eins part úr jörðu.

2. gr.

Fjársöfn eru 7 á ári, 4 vorsöfn og 3 haustöfn. Hreppsnefndin ákveður hvenær ganga skal til hvers einstaks safns, en auglýsa skal hún það minnst degi á undan við kirkju eða á annan hjer tíðkanlegan hátt. Ennfremur skal hún sjerstaklega kalla hvern skyldan mann í safnið.

3. gr.

Hreppsnefndin ákveður hvaða svæði búendur hver um sig skulu láta leita, og skulu þeir leggja fullgilda menn til þeirrar leitar. Þyki hreppsnefndinni einhverjir hafa sent menn, sem eigi sjeu gildir, og verði fje eptir í þeirra leit, getur hreppsnefndin sent menn upp á þeirra kostnað til að sækja fjeð.

4. gr.

Hreppsnefndin sjer um að allar leitir fari fram samhliða, svo eigi leynist fje eða renni á milli, og ber gangnamönnum að haga sjer í göngunum eptir fyrirlagi hreppsnefndar eða þeirra, sem í umboði hennar stjórna safninu.

5. gr.

Hreppsnefndin sjer um að rjett hreppsins með tilheyrandi dilkum sje haldið vel við. Hún á að sjá um, að dilkarnir sjeu svo stórir, að enginn þurfi að hleypa út úr þeim fyr en að afstöðnum rjettum, eða þegar hreppsnefndin eða sá, sem í umboði hennar stjórnar rjettarhaldinu, leyfir. Bygging á hreppsriettinni hvílir jafnt á öllum búendum, en hlutaðeigendur eru skyldir að byggja dilka sína og viðhalda þeim, og skulu þeir vera fullgjörir þann dag, sem hreppsnefndin ákveður. Varðar það sektum ef út af bregður, og skal hreppsnefndin tafarlaust ljúka verkinu á kostnað hinna seku.

6. gr.

Vilji hreppsnefndin breyta um rjettarstað þarf hún til þess samþykki meiri hluta hreppsþúa.

7. gr.

Allir gangnamenn eru skyldir að reka til rjettar og annast innresktur í rjettina eptir því sem hreppsnefndin skipar fyrir. Hreppsnefndin kveður upp hvenær rjettum er lokið og gætir þess, að allt fari fram í sem beztri reglu. Hver og einn er skyldur að hlýða ráðstöfunum hennar í því efni.

8. gr.

Komi fje fyrir í rjettunum, sem enginn leiðir sig eiganda að, eða sem enginn getur helgað sjer með óbrigðulum einkennum, skal það selt í síðustu haustrið og fellur andvirði þess að fráðregnum kostnaði í sveitarsjóð.

9. gr.

Rjett er að hver fjáreigandi á Vestmannaeyjum hafi að eins eitt fjármark, og

- 110 skulu þeir, sem nú brúka fleiri mörk, hafa skýrt hreppsnefndinni frá, hvert markið þeir ætli framvegis að brúka, innan mánaðar frá því þessi reglugjörð öðlast gildi.

10. gr.

Brot á móti því, sem fyrir er mælt í reglugjörð þessari, varðar sektum frá 1 kr. til 100 kr., eptir málavöxtum, sem renna í sveitarsjóð; þó skal uppljóstrarmaður eða uppljóstrarmenn hljóta helming sekta.

*

Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, er reglugjörð þessi hjermeð staðfest og samþykkt, og skal hún öðlast gildi 15. október 1891.

Fyrir hönd amtsráðsins í suðuramtinu,

Amtmaðurinn í suðuramtinu, Reykjavík 8. sept. 1891.

E. Th. Jónassen.

III

Reglugjörð

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu um grenjaleitir, notkun afrjetta, fjallskil og rjettarhöld m. fl.

1. kaflí.

Um grenjaleitir og eyðing refa og hræfugla.

1. gr.

Á vori hverju skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um, að reglulegar grenjaleitir sjeu gjörðar í tæka tíð í hreppnum, bæði á afrjettum og í heimalöndum, svo opt og á þann hátt, sem henni þykir nauðsynlegt og tryggilegast, og skal hver hrepps-búandi, sem samkvæmt 14. gr. reglugjörðar þessarar á að inna fjallskil af hendi, skyldur að leggja til svo marga menn til grenjaleitar, sem hreppsnefndin ákveður, og skal þá einkum tekið tillit til landrýmis og fjártölu hlutaðeiganda.

2. gr.

Hreppsnefndin skal á vori hverju fyrir miðjan maímánuð láta grenjaleitarseðla eptir þörfum ganga um hrepinn, og skal í þeim ákveðið, hvernig haga skuli grenjaleitum það vor, og skal grenjaleitarmönnum svo skipað, að eigi purfi að yfirgefa gren, þá finnst, fyr en skotmaður er þangað kominn. Varast skal og að hundar komi á það, eins og allt annað, er fælt getur dýrin í burtu, eða orsakað að þau flytji í burtu yrðlingana.

3. gr.

Undir eins og gren finnst skal ábúandi tafarlaust tilkynna það hreppsnefndinni, sem þá skal útvega skotmann, og ber henni, ef mögulegt er, fyrir fram að hafa samið við skotmann innan hrepps eða utan áður en grenjaleitir byrja ár hvert, svo marga, sem þurfa þykir til grenjavinnslu í hreppnum. Hafi hreppsnefndin náð samningi við skotmann, skal sá, í hvers landigren finnst, tilkynna þeim skotmanni, er næst honum býr og samning hefur gjört við hreppsnefndina, og þarf þá ekki að aðvara hana. Sá skal sjá skotmanni fyrir fæði, í hvers landi grenið er, og leggja til vökumann, hvortveggja fyrir sanngjarna borgun af hreppssjóði. Daglaun eptir hvers árs verðlagsskrá